

Lífræn söfnun



Hvernig söfnum við?

Gámaþjónustan hf býður upp á alhliða þjónustu við söfnun á lífrænum úrgangi. Ráðgjafar okkar heimsækja viðskiptavini og ráðleggja þeim um ílátastærðir innan og utan húss og tíðni losana. Til þess að auðvelda söfnunina og jarðgerðina býður Gámaþjónustan hf sérstaka poka úr maís við söfnunina. Þessir pokar eru umhverfisvænir og brotna niður í jarðgerðarferlinu ásamt innihaldinu.

Hvað fer í tunnuna?

Allur lífrænn úrgangur getur farið í þessa söfnun svo sem ávextir og ávaxtahýði, grænmeti og grænmetishýði, egg, eggjaskurn, eldaðir kjöt- og fiskafgangar, mjöl, hrísgrjón og pasta, gömul brauð og kökur, mjólkurafurðir og kaffikorgur. Þá mega notaðir tepokar og gömul blóm einnig fara í jarðgerðartunnuna.

Hvað verður um afurðina?

Það sem Gámaþjónustan hf safnar af lífrænum úrgangi fer í nýja jarðgerðarstöð að Berghellu 1 í Hafnarfirði en jarðgerð er loftháð og lífræðileg ummyndun á lífrænum úrgangi.

Stöðin byggir á tækni sem hefur verið að ryðja sér rúms erlendis og gengur út á að jarðgera lífrænan úrgang í stórum lokuðum gámum.

Eftir 6–8 vikna ferli er afurðin tilbúin, molta eða jarðvegsbætir með mjög háu áburðargildi og er tilvalin til nota við uppgræðslu. Þess er víða þörf.

Hver er ávinningurinn?

Fyrir utan notagildi afurðarinnar sem áburðar þá sparast urðunargjöld en mesti ávinningurinn er framlag hvers og eins til aukinnar endurnýtingar lífrænna efna. Er þá ótalið sá ávinningur sem fyrirtækið nýtur vegna bættrar ímyndar.

Allar nánari upplýsingar í síma 535 2510



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ